Sþ. **608. Nefndarálit**

um till. til þál. um fjarstýrð talskeytamóttökutæki í Vestmannaeyjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. og leitað álits póst- og símamálastjóra um hana. Er umsögn hans prentuð sem fylgiskjal með nál. Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt, og lætur jafnframt það álit í ljós, að æskilegt væri að taka fjárveitingu til framkvæmda í þessu skyni upp í næstu fjárlög. Síðan verði komið upp fjarstýrðum talskeytamóttökutækjum, svo fljótt sem unnt er, fyrst á Ísafirði, en þar næst á Seyðisfirði, og nauðsynlegar rannsóknir hafnar nú í sumar til þess að ákveða stað fyrir tækin.

Alþingi, 24. marz 1943.

Finnur Jónsson, form., frsm. Helgi Jónasson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Pétur Ottesen. Sigurður E. Hlíðar. Þóroddur Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson. Þorst. Þorsteinsson. Jónas Jónsson.

**Fylgiskjal.**

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 18. marz 1943.

Með bréfi, dags. 15. þ. m., hefur háttvirt fjárveitinganefnd Alþingis óskað umsagnar póst- og símamálastjórnarinnar um tillögu til þingsályktunar um fjar-

stýrð talskeytamóttökutæki í Vestmannaeyjum, og skal í því tilefni tekið fram það, sem hér segir.

Bátatalstöðvaþjónustan er vafalaust eitt hið mikilvægasta öryggi fyrir sjómennina og útgerð landsmanna. Til þess að tryggja það, að bátatalstöðvarnar komi að sem mestum notum og veiti sem fullkomnast öryggi, er nauðsynlegt að hafa sem stöðugastan hlustvörð á loftskeytastöðvunum í landi og að bátar og önnur skip haldi einnig hlustvörð á neyðarbylgjunni til skiptis helzt allan sólarhringinn. Hve viðtækan hlustvörð er hægt að hafa í landi, fer að mestu leyti eftir fjárveitingum hins opinbera eða því, sem rétt þykir, að landssíminn eyði til þess, því kostnaðurinn við það er allmikill. Inni í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem loftskeytastöðvarnar eru, eru hlustunarskilyrðin að jafnaði mun lakari en úti á sjó, vegna rafveitutruflana og nálægra víra og mannvirkja, en sé hins vegar sérstökum hluststöðvum komið fyrir utan við þéttbýlið, hefur það í för með sér mikið aukinn rekstrarkostnað, m. a. vegna símakerfis, raforku, húsnæðis fyrir hlustverði o. fl. þvl., enda hafa hlustverðirnir þá ekki senditækin jafnframt sér við hönd, og því nauðsynlegt að hafa aðra fasta verði við þau á loftskeytastöðvunum sjálfum.

Til þess að bæta úr þessu, þarf að leggja jarðsíma frá loftskeytastöðvunum í kaupstöðunum út til truflanafrirra staða utan við þéttbýlið, þar sem hlustunarskilyrðin eru góð, og setja þar upp fjarstýrð móttökutæki, sem hægt sé að stýra frá loftskeytastöðvunum. Fær þá hlustvörðurinn á loftskeytastöðinni á þennan hátt ótruflað eyra á hentugum fjarlægum stað.

Hefur þetta þegar verið gert í Reykjavík, þar sem loftskeytastöðin á Melunum hefur fjarstýrðan móttakara í Gufunesi. Á Siglufirði er nú verið að koma á sams konar fyrirkomulagi með því að leggja jarðsíma yfir fjallið til Sauðanesvitans, en þar á að koma fyrir fjarstýrðum móttakara fyrir Siglufjarðarstöðina.

Mikilsvert er, að sams konar fyrirkomulag komist á í Vestmannaeyjum, Ísafirði og jafnvel Seyðisfirði. Efni og tæki til þessa mun að vísu vera mjög torvelt að fá nú sem stendur, en ekki er þó útilokað, að það megi takast, ef fjárveiting er fyrir hendi og póst- og símamálastjórn og ríkisstjórn leggjast á eitt og gera allt, sem unnt er, til að útvega efnið. Kostnaðurinn í Vestmannaeyjum við þetta var árið 1938 áætlaður ca. kr. 30000. Er óvarlegt að reikna með minna en 4—6-faldri þeirri upphæð nú, eða ca. 120000—180000 kr. Póst- og símamálastjórnin mun eindregið mæla með því, að sú upphæð verði tekin í næstu fjárlög.

G. J. Hliðdal.

Frb. Aðalsteinsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.